

## Lög Foreldrafélags Þjósárskóla

**1.gr.** Félagið heitir Foreldrafélag Þjósárskóla.

Í félaginu eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

**2.gr.** Markmið félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla og uppeldismál. Ekki er á verksviði félagsins að taka afstöðu eða skipta sér af einstökum deilumálum á milli foreldra og skólans/ einstakra starfsmanna skólans.
- Að styðja og styrkja félagsstarf nemenda.

**3.gr.** Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.

- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld.
- Koma á umræðu og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Styðja eftir megni félags- og tómsundastarf nemenda.

**4.gr.** Stjórn félagsins er skipuð fimm forráðamönnum barna skólans og tveimur varamönnum.

Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegni jafnfram hlutverki varaformanns. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið. Varamenn skulu kosnir til tveggja ára. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum. Stjórn skipar úr sínum hópi áheyrnarfulltrúa foreldra til setu á skólanefndarfundum.

**5.gr.** Í upphafi skólaárs boðar formaður stjórnar til aðalfundar ár hvert með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara. Á fundinum fara fram venjuleg aðalfundarstörf auk annarra mála, sem kynnt skulu í fundarboði. Aðalfundur kys tvo fulltrúa foreldra og tvo varamenn til setu í skólaráði. Fulltrúar eru kosnir til tveggja ára.

**6.gr.** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

**7.gr.** Félagið er fjármagnað með veitingasölu og með tekjum af ýmsum uppákomum.

**8.gr.** Ef til slita félagsins kemur renna eignir þess til félagsstarfs nemenda.

*Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Þjósárskóla 22. september 2011.*